

Nd.

93. Frumvarp til laga

[71. mál]

um breyting á lögum nr. 20 31. janúar 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Í stað „10 ár“ í síðari málsgrein 4. greinar laganna komi: 20 ár.

2. gr.

Í stað „10 ár“ í staflið 2 í 13. gr. laganna komi: 20 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög in um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum voru samþykkt á Alþingi árið 1947, þótti nægja að árlegt framlag úr ríkissjóði til landnáms- sjóðs og til byggingarsjóðs yrði ákveðið í næstu 10 ár. Nú er sýnilegt, að þetta framlag nægir ekki, þar sem nýbyggðirnar eru svo til í byrjun og byggingarsjóður hefur fengið og verður að fá til útlána á næstu árum dýr lán, og verður því að greiða á hverju ári stórar fjárfúlgur og vaxandi í vaxtamismun. Er því nauðsynlegt, að ríkisframlagið haldist óbreytt í 20 ár frá gildistöku laganna í stað 10, eins og nú er ákveðið í lögum.